

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

06. tbl. • 11. árg. • Júní 2005

Tækni- og verkfræðideild HR mælir íslensku hátæknivísitöluna

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Guðfinna Bjarnadóttir, rektor HR, og Bjarki A. Brynjarsson, deildarforseti, undirrituðu nýlega samning um skipulega vísindalega úttekt á íslenska hátækniíðnaðinum. Í honum felst að Tækni- og verkfræðideild HR mælir og greinir árlegar breytingar sem eiga sér stað á lykilkáttum greinarinnar. Þær upplýsingar verða svo dregnar saman í hlutlæg- an mælikvarða - íslensku hátæknivísitöluna.

framhald á bls. 8

Fremri röð f.v.:
Guðmundur
Ásmundsson og
Sveinn Hannesson
frá Samtökum
iðnaðarins, Guðfinna
Bjarnadóttir rektor
HR og Bjarki A.
Brynjarsson
deildarforseti
Tækni- og
verkfræðideildar HR.



Ný aðferð við eftirlit - innbyrðis eftirlit flutningamanna

Samgönguráðherra brýtur blað í opinberu eftirliti og virkjar atvinnulífið til þátttöku. Jákvæð og framsækin hugsun að mati SI.

Við breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflytninga og efnisflutninga á landi var í vor lagt af eftirlit Vegagerðar og lögreglu með landflutningum. Vörubílstjórar, sem stunda leiguakstur, hafa verið áfjáðir að komast undir lög af þessu tagi og sæta opinberu eftirliti. Eftirlitið var hins vegar verið full víðfeðmt og var látið ná til allra sem fluttu eitthvað í stórum bílum, svo sem iðnfyrirtækja og verktaka sem fluttu eigin varning eða efni. Nú eru lög in orðin skýrari og vörubílstjórnir hafa fengið sitt eftirlit sem þeir aukin heldur eiga að framkvæma sjálfir með kollegum sínum.

Eins og sagt var frá í síðasta blaði var frumvarpið samþykkt á vörþingi og hefur eftirlit Vegagerðar og lögreglu verið aflagt og þess í stað munu þeir,

sem eru skyldaðir til að hafa leyfi sjálfir, fylgjast með hvort samkeppnisáðilar þeirra hafi nauðsynleg leyfi og eiga tilkynna yfirvöldum ef þeir telja að lög um flutningastarfsemi séu brotin.

Í framtíðinni geta iðnfyrirtæki og verktakar því flutt vörur sínar og efni um óhindrað um vegi landsins en vörubílstjórar og sendibílstjórar



fylgjast með hvort aðrir vöru- og sendibílstjórar hafa tilskilin leyfi.

Þetta er afar áhugaverð tilraun að mati SI og til mikilla bóta fyrir þessi tilteknu lög sem nú hafa verið færð til miklu betri vegar. Ef vel tekst til má vel yfirfæra þessa aðferð yfir á annað opinbert eftirliti og draga úr starfsemi hins opinbera en rannsaka innsendar ábendingar. Af mörgu er að taka og er einmitt þessa dagana verið að undirbúa endurskoðun Umhverfisstofnunar á starfsleyfisskilyrðum samkvæmt hollustuháttareglugerð en sá flokkur telur um 26 mismunandi starfsleyfi. Fjölmargir aðrar greinar eftirlitsiðnaðar bíða endurskoðunar og endurmats. Aðferð samgönguráðherra við framkvæmd opinbers eftirlits er því alla staði áhugaverð. Af nógu er að taka.

Kristrun Heimisdóttir

Útrás eða flótti

Enginn velkist í vafa um að vöxtur stærstu og öflugustu fyrirtækja okkar hefur byggst á því að þau geta leitað út fyrir landsteinana. Þetta er í daglegu tali nefnd útrás íslensks atvinnulífs og varla er nokkur maður sem dregur í efa að hún sé af hinu góða. Fyrir íslensk fyrirtæki er það að sjálfsögðu fyrst og fremst aðgangur að markaði milljóna-þjóða sem sóst er eftir. Þá má nefna tækni- og markaðsþekkingu, beina fjárfestingu erlendis, erlenda fjárfestingu hér á landi og síðast en ekki sist rekstur og framleiðslu í betra rekstrarumhverfi.

Umtalsverður árangur

Íslendingum hefur orðið verulega ágengt við að koma framleiðslu sinni á markað erlendis og þeir eru óragir að auka vöxt eigin fyrirtækja með fjárfestingum og uppkaupum á erlendum fyrirtækjum í ólíkum greinum. Við látum okkur í léttu rúmi liggja þó að ýmsir aðilar í röðum kaupsyslu- og fréttamanna láti í ljós undrun sína yfir „Íslensku innrásinni“ eins og Danir kalla hana.

Ójafnvægi í beinum fjárfestingum

Gallinn við þetta er sá einn að sum þessara fyrirtækja verða fljótlega að litlu eða engu leyti íslensk. Þau flytja beinlínis alla sína starfsemi úr landi. Við höfum alls ekki náð nauðsynlegu jafnvægi í fjárfestingum eins og t.d. Danir. Fjárfestingar Dana erlendis eru á hverju ári svipaðar því sem erlendir aðilar fjárfesta fyrir í Danmörku. Þetta hefur okkur ekki auðnast þrátt fyrir lágt tekjuskattshlutfall fyrirtækja og t.d. ekki heldur frændum okkar Fínum. Það sætir reyndar furðu þar sem þeir eru ávallt í verðlaunasæti þegar gerður er samanburður á starfsskilyrðum fyrirtækja í ólíkum löndum. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi hafa verið hverfandi litlar ef undan er skilinn orkufrekur iðnaður. Þau fyrirtæki hafa hingað til samið sig meira eða minna frá almennum starfs-



Sveinn Hannesson

skilyrðum t.d. í skattamálum og þau hafa einnig dregið úr áhættu sinni með því að tengja helstu aðföng sín, þ.e. rafmagnsverð, við heimsmarkaðsverð á framleiðslu sinni.

Styrkleiki og veikleiki

Miklar úrbætur á skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja eru stórt skref í þá átt að gera Ísland að álitlegum stað til að fjárfesta og stunda atvinnurekstur. Hins vegar eru aðrir þættir sem fæla frá og þar vegur örugglega langþýngst hin óstöðuga og sveiflukennda mynt okkar. Launhækkningar hér á landi eru einnig nálega tvöfaldar á við það sem almennt gerist í nágrannalöndum okkar. Slík þróun til margra ára er ekki freistandi umhverfi fyrir fjárfesta. Í þriðja lagi má nefna að þó að EES - samningurinn tryggi okkur aðgang að innri markaði ESB er alls óvíst hvort hann fær staðist til frambúðar ef horft er til næstu áratuga.

Stefnumótun nágrannaþjóða

Nágrannaþjóðir okkar eru í óða önn að móta sér stefnu um það hvernig þær geti sem best tryggt eigin samkeppnishæfni á tímum hnattvæðingar og alþjóðlegrar samkeppni. Danir hafa að finnskri fyrirmynd hafið mikla vinnu til að hrinda þessari stefnu í framkvæmd. Þeir setja markið hátt og hafa lýst því yfir að Danmörk eigi að vera samkeppnishæfasta samfélag í heimi árið 2015. Allar nágrannaþjóðir okkar ætla að auka menntun og rannsóknir sem allra mest en gæta þess jafnframt að almenn starfsskilyrði fyrir atvinnurekstur séu í fremstu röð og alls ekki lakari en í nágranna- og samkeppnislöndum. Höfuðáhersla er lögð á að

skapa sem flest hátæknistörf þar sem verð-mætasköpunin stendur undir þeim kröf-um sem við gerum um laun og lífskjör. Fyrirtæki í framleiðslu og þjónustu í ólíkum löndum eru í harðri og óheftri samkeppni sín á milli. En um leið eru löndin sjálf með sín fjarskipta-, fjár-mála-, mennta- og skattkerfi í bullandi samkeppni um fjárfestingar, framleiðslu, fjármagn og fólk.

Tímabært að við mótum okkur stefnu

Það er fyllilega tímabært að íslensk stjórnvöld móti stefnu og framkvæmda-áætlun um hvernig við viljum að íslenskt atvinnulíf þróist á næstu árum og hvernig best verði tryggt að starfsskilyrði hér verði þannig að íslensk fyrirtæki geti byggt upp starfsemi hér á landi ekki síður en í öðrum löndum. Hér er enga tryggingu hægt að kaupa frekar en í annarri samkeppni. Finnar hafa byggt upp tæknimenntun. Þeir gengu í ESB og tóku upp evru, vextir eru lágir og þar ríkir fjármálalegur stöðugleiki og starfsskilyrði fyrirtækja eru talin góð í alþjóðlegum samanburði. Samt eiga þeir í erfiðleikum með að laða til sín erlenda fjárfesta. Engum dettur í hug að þeir væru betur settir ef þeir hefðu ekki árum saman unnið hörðum höndum að því að bæta eigin starfsskilyrði.

Gerist ekki af sjálfu sér

Spurningin sem við Íslendingar þurfum að spyrja okkur er þessi: Hvernig ætlum við að standa að því að auka hér verk- og tæknimenntun, efla rannsóknir og nýsköpunar- og þróunarstarf, tryggja aðgang okkar að erlendum mörkuðum til frambúðar og síðast en ekki sist að tryggja stöðugleika í verðlagi og gengisskráningu og eðlilegt vaxtastig? Þetta gerist ekki af sjálfu sér en gerist það ekki fara fyrirtækin annað. Því miður fara þau bestu fyrst. Þau eru mörg þegar með starfsemi erlendis og eiga auðveldast með að fara.

Þá breytist útrásin í flóttu.

Vegagerðin herðir kröfur sínar á hendur verktökum

Krafist er að verktakar sýni skriflega fram á góða stjórnun

Á síðustu misserum hefur Vegagerðin kynnt hertar kröfur sem gerðar eru til verktaka um að þeir sýni fram á faglega stjórnun við verklegar framkvæmdir á hennar vegum.

Sambærilegar kröfur hafa verið sýnilegar í útboðsgögnum ýmissa verkkaupa á síðustu árum en eftirfylgni þeirra hefur í flestum tilvikum verið af skornum skammti.

Nokkuð hefur borið á misskilningi í hverju þessar kröfur um gæðastjórnun eru fólgnar og virðast margir telja að þær séu á einhver hátt íþyngjandi fyrir verktakann en það er öðru nær.

Kröfur um gæðastjórnun felast í því að verkkaupinn krefst þess að fá skriflega staðfestingu á stjórnunarlegum vinnubrögðum og getu verktakans til að annast tiltekið verk áður en gengið er til samninga.

Árangur ótryggður!

Þegar um verklega framkvæmd er að ræða getur verkkaupinn ekki skoðað og metið fullbúna vöru áður en samningur er gerður eins og þegar um vöru af lager er að ræða. Verkkaupinn hefur því enga tryggingu fyrir því að verktakinn vinni verkið eins vel og verkkaupinn hefur væntingar um. Þar sem ekki er hægt að skoða vöruna fullbúna við samning er eðlilegt að verkkaupinn vilji fá að kynnst hæfni verktakans til að stjórna framkvæmdinni og meta getu hans til að vinna verkið með þeim hætti sem um er samið.

Hvernig ætlar verktakinn að tryggja gæðin? Til að sýna fram á það leggur hann tilboð um gæðatryggingu fyrir verkkaupann en hvað er þá gæðatrygging? Áður en því verður svarað er ágætt að íhuga hvað eru gæði.

Gæði felast m.a. í því að sérhverjum verkþætti sé lokið á umsömdum tíma, kostnaður fari ekki úr böndunum, óskir um breytingar nái fram að ganga,



samskipti og samvinna við alla viðkomandi sé á faglegum nótum, undirverktakar viðhafi ekki lakari stjórnunarleg vinnubrögð en aðalverktakinn og að tryggt sé að hráefni og ihlutir séu notuð við réttar aðstæður. Með öðrum orðum eru gæði fólgin í að allar væntingar viðskiptavinarins varðandi verkið gangi eftir.

Gæðatrygging er að verktakinn leggur fram skriflega lýsingu á þeim stjórnunarlegu vinnubrögðum sem starfsfólk hans er þjálfað til, skriflegar starfslýsingar helstu stjórnenda og áætlanir um innra eftirlit ásamt þeim eyðublöðum sem hann notar til að staðfesta árangur sinn. Ef verkkaupinn metur það svo að þau vinnubrögð, sem kynnt eru í gæðatryggingunni, séu ekki fagleg og áreiðanleg eða samræmist ekki því verklagi, sem verkkaupinn hefur lofað viðskiptavini sínum, ætti hann ekki að kaupa vinnu af viðkomandi verktaka.

Auknar kröfur stig af stigi

Frá 1. maí sl. hefur Vegagerðin krafist þess að verktakar skili inn tilboði um gæðatryggingu þegar um er að ræða verk þar sem heildarkostnaður er yfir 100 m.kr. og verktími er lengri en sex

mánuðir. Þar skal sýnt skriflega fram á að allar aðgerðir viðkomandi verktaka séu kerfisbundnar og auðrekanlegar og uppfylli eftirtaldir grundvallarkröfur:

1. Lýsing á innra stjórnkerfi
2. Lýsing á framkvæmd verkþátta
3. Uppruna- og gæðavottorð
4. Eftirlitsáætlun

Frá og með 1. janúar 2006 verður þess krafist að gæðatrygging verði lögð fram með öllum verkum. Í verkum þar sem heildarkostnaður er yfir 100 m.kr. og verk tekur lengri tíma en sex mánuði þarf verktaki enn fremur að sýna fram á að gæðatryggingin hafi verið reynd í öðru verki.

Eftir 1. janúar 2007 verða þessar kröfur látnar taka til verka af hvaða stærð sem er. Vegagerðin væntir þess að auknar kröfur um gæðastjórnun leiði til þess að undirbúningur og framkvæmd verka verði faglegri en verið hefur og að samskipti verkkaupa og verktaka byggist á markvissri samvinnu og bæti hag allra sem að verkinu koma.

Ferdinand Hansen

Háskólinn í Reykjavík á hraðsiglingu

Með samruna Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík í nýja menntastofnun er orðinn til fjölbreyttur og fjölmennur háskóli. Vænta má að nýr sameinaður háskóli komi hreyfingu á allt háskólastigið. Skólinn vex hratt á næstu árum en strax í haust verða þar 2.500 nemendur og um 200 kennarar.

Í atvinnulífinu binda menn vonir við að nýr sameinaður háskóli muni reynast miklu öflugri en sem nemur samanlögðum deildum sem mynda hann. Fjölpætt þekking gefur Háskólanum í Reykjavík tækifæri til þess að mynda nýjar námsbrautir sem svara kalli tímans.

Samtök iðnaðarins, ásamt Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráði Íslands, eru bakhjarlar Háskólans í Reykjavík. Aðkoma Samtaka iðnaðarins markast fyrst og fremst af áhuga á því að efla menntun á háskólastigi hér á landi, sérstaklega tækni- og verkfræðimenntun.

Samtök iðnaðarins hafa kynnt háskólaráði væntingar sínar varðandi starfsemi Háskólans í Reykjavík.

Tækni- og verkfræði

Miklar breytingar í atvinnulífinu gera kröfur til meira og fjölbreyttara framboðs í raugreinum en verið hefur. Samkvæmt könnun Gallup fyrir Samtök iðnaðarins er mikil þörf iðnfyrirtækja fyrir tækni- og verkfræðinga.

Þetta tækifæri grípur nú Háskólinn í Reykjavík og býður námsleiðir í tækni- og verkfræði, m.a. heilbrigðisverkfræði og rekstrarverkfræði. Í byrjun júní höfðu yfir 700 nemendur sótt um nám við tækni- og verkfræðideild HR. Ánægjulegt er að sjá hve áhugi ungs fólks í þessum greinum er mikill.

Þekkingarsamfélagið kallar á aukið samstarf

Viðurkennt er að drifkraftur nútímafyrirtækja felst í réttri nýtingu þekkingar og mannaúðs. Atvinnulífið hefur því ríka þörf fyrir þjónustu háskóla og rannsóknastofnana á æ fleiri sviðum. Skóla- og rannsóknauhverfið býr yfir miklum krafti sem er að mörgu leyti óbeislaður. Aukin samvinna atvinnulífs, skóla og rannsóknastofnana felur í sér nýrri og stærri tækifæri. Samtök iðnaðarins sjá fyrir sér að nýr og fjölbreyttur HR geti leikið stórt hlutverk í því að leiða saman ýmis félög og stofnanir í samstarfi um öflugra atvinnulíf. Hér má minnst á rannsóknastofnanir atvinnuveganna, fræðslustofnanir iðnaðarins, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ýmsa sjóði sem ætlað er að byggja upp þjálfun og þekkingu í atvinnulífinu.

Múrar hrynja

Þekkingarsamfélagið virðir engar girðingar. Þekkingin sprettur ekki eingöngu fram í umhverfi fyrirtækja, skóla og rannsóknastofnana heldur verður vöxtur hennar mestur í samstarfi þessara aðila þar sem allir kunna að gefa og þiggja það besta. Skil milli skólastiga eiga ekki að skipta máli.

Áherslur SI gagnvart Háskólanum í Reykjavík

1. Aukin áhersla á verkfræði og tækni- og verkfræði. Skólinn hefur heimild menntamálaráðuneytisins til að auka kennslu í tækni- og verkfræði og hefja kennslu í verkfræði. Þessar greinar eru grunnur að stöðugri uppbyggingu hátækniyrirtækja og tæknivæðingu íslensks iðnaðar. Fyrirtæki í iðnaði hafa þörf fyrir stöðugt fleiri verk- og tækni- og verkfræðinga. Þetta staðfestir könnun SI frá því í janúar 2003. (Sjá: www.si.is/media/pdf/Gallup-konnun.pdf)
2. Kennaramenntun í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Miklu máli skiptir að háskólinn leitist við að veita kennaramenntun þar sem virðing og skilningur fyrir atvinnulífinu er í fyrirrúmi.
3. Kennsla í vinnustaðakennslu. Vinnustaðanám er mikilvægur og vaxandi þáttur í tæknivæðingu samfélagsins. Þekking verður ekki aðeins til í skólum, fyrirtækin eru í vaxandi mæli þekkingar- og fyrirtækja. Gera þarf fyrirtækjum kleift að byggja upp kennslu innan sinna vébanda. (Sjá: www.si.is/media/pdf/vinnustadakennsla.pdf).
4. Fjölbreytt menntastofnun. Háskólinn er akademísk stofnun sem keppir við bestu deildir annarra háskóla. Háskólinn þarf að mæta þörfum ólíkra nemenda. Nýr háskóli getur boðið námsbrautir þar sem styrkur eldri námsbrauta er nýttur, t.d. tækni- og verkfræði með áherslu á viðskipta- og / eða lögfræði. Auk akademískra áherslna þarf háskólinn að veita iðnaðarmönnum brautargengi til frekara náms, m.a. með líkum hætti og frumgreinadeild THÍ hefur gert. Mikilvægt er að reynsla nemenda í atvinnulífinu sé metin með sambærilegum hætti og skólanám.
5. Samstarf við fræðslustofnanir og rannsóknastofnanir. SI leggja til að nýr háskóli bjóði fræðslustofnunum og rannsóknastofnunum í atvinnulífinu til samstarfs og bjóði þeim að vera í sambyli í nýjum húsakynnum sem rísa munu undir starfsemi háskólans innan fárra ára. Með því móti getur háskólinn stuðlað að minnkandi yfirbyggingu og aukinni skilvirkni á sviði menntunar og rannsókna í atvinnulífinu.

Háskólastig, framhaldsskólastig, símenntauhverfið og rannsóknauhverfið á allt að geta unnið saman um fjölmörg verkefni. Í þessari hugsun er ekki fólgandi að einn fórnir sér fyrir annan heldur hitt að næg tækifæri eru fyrir alla. Enginn tapar, allir vinna.

Vinnustaðakennsla

Þekkingarsamfélagið nærast á því að til sé fólk sem er bæði fúst og hæft til að miðla þekkingu. Kennslu- og leiðbeiningarstarf innan og utan skóla skiptir hér miklu máli.

Dæmi um verkefni sem Samtök iðnaðarins vilja sjá viðtækt samstarf um er þróun kennslu á vinnustað. Iðn- og starfs-

Morgunblaðið hlýtur norræna umhverfismerkið Svaninn

Nýlega var Árvakri hf., útgáfufélagi Morgunblaðsins, veitt norræna umhverfismerkið Svanurinn en það var Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, sem afhenti Haraldi Sveinssyni, stjórnarformanni Árvakurs, viðurkenninguna.

Til að fá að nota Svaninn þarf starfsemi fyrirtækisins að fullnægja ströngum og ýtarlegum kröfum um gæði og takmörkun umhverfisáhrifa. Hið opinbera umhverfismerki Norðurlandanna hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndum.

Svanurinn mun framvegis prýða sérblöð Morgunblaðsins en það felur sér í að búið er að lágmarka, eins og kostur er, þau umhverfisáhrif sem viðkomandi prentgripur veldur. Það á við um alla þætti í framleiðslu hans allt frá trjám sem notuð eru í pappírinn til endurnýtingarhæfis hans.

Á liðnum árum hafa stjórnendur Morgunblaðsins lagt mikla áherslu á umhverfismál í rekstri sínum og því vel við hæfi að fyrirtækið hljóti þessa vottun og viðurkenningu en fyrir hefur fyrirtækið m.a. ISO 14001 vottun. Umhverfisráðherra nefndi þetta í máli sínu og sagði stjórnendur Morgunblaðsins hafa verið „... langt á undan öðrum stjórnendum að gera sér grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks í rekstri stórfyrirtækis eins og Morgunblaðsins.“ Þá hefur fyrirtækið einnig hlotið margvíslega umhverfisviðurkenningu í árunna rás, m.a. frá umhverfisráðuneytinu, Iðnlánasjóði og Reykjavíkurborg svo að nokkuð sé nefnt.

Umhverfisráðherra gat þess einnig að allir neytendur, þ.e. almenningur, fyrirtæki og hið opinbera, gefi umhverfisáhrifum vaxandi gaum og vilji tryggingu fyrir því að sú vara eða



þjónusta, sem þeir kaupa, skaði ekki umhverfið. Einfaldasta og öflugasta leiðin til slíks væri að styðjast við viðurkennd umhverfismerki á borð við Norræna umhverfismerkið. Ráðherra nefndi einnig að hið mikla starf, sem unnið hefur verið hjá Morgunblaðinu, hafi vakið athygli erlendis og m.a. fagrit dagblaðaútgáfu, Newspaper Techniques, hafi birt ýtarlega grein um Morgunblaðið þar sem fjallað hafi verið um gæða- og umhverfisstjórnun hjá fyrirtækinu. Ljóst er að horft er til Morgunblaðsins sem fyrirmyndar í þessum málum.

Samtök iðnaðarins óska Árvakri hf., stjórnendum og öllum starfsmönnum Morgunblaðsins hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.

Haraldur Dean Nelson

Framh. af fyrri síðu

nám byggist ekki eingöngu á því að tileinka sér fræði heldur einnig því að njóta skipulegrar tilsagnar og þjálfunar í verklagi við hæfi. Forráðamenn stórra og smárra iðnfyrirtækja hafa sett fram skýrar óskir um fleira gott starfsfólk sem hefur fengið þjálfun til að vinna við æ kröfuharðari og flóknari framleiðsluiðnað. Þessu starfsfólki þarf að bjóðast skipuleg kennsla og þjálfun í fyrirtækjunum. Byggja þarf því upp færni hjá tilteknum starfsmönnum til að kenna. Oft er talað um að menn þurfi að læra að læra. Til að það takist vel þurfum við að eiga fleiri sem eru færir um að kenna að kenna.

Námskrá framhaldsskóla gerir góða grein fyrir bóklegum hluta iðn- og verkgreinakennslu. Hún fer fram í iðn- og verkmenntaskólum þar sem starfa kennarar sem hafa hlotið menntun til að kenna. Þeir kenna nemendum, fylgja þeim eftir í námsferlinum og meta árangur námsins. Hið opinbera

greiðir þennan þátt iðn- og starfsnáms. Verklegi hlutinn fer hins vegar fram í fyrirtækjum, að jafnaði undir yfirumsjón meistara. Sérstakir tilsjónarmenn, þ.e. færir iðnaðarmenn í sinni grein, kenna nemum á vinnustað. Þeir hafa ekki hlotið sérstaka menntun í kennslu á vinnustað. Ríkið hefur ekki greitt fyrir þennan þátt námsins og fáar reglur eða lög segja hvernig þessari kennslu skuli háttað.

Með því að bjóða tilsjónarmönnum í fyrirtækjum kennslufræði vinnustaðanáms næðist skýr ávinningur fyrir nemann, fyrirtækið og samfélagið. Vinnustaðakennslan verður markvissari, tekur styttri tíma og skilar færara verkfólki í framtíðinni. Þetta er ekki aðeins verkefni atvinnulífs og menntamála- yfirvalda heldur er hér á ferðinni kjörið verkefni fyrir kennaradeildir háskóla. Samtök iðnaðarins hafa hvatt Háskólann í Reykjavík til að koma að þessu verkefni.

Ingi Bogi Bogason

Nýsköpun er þolinmæðisverk

Það er ekki ofsögum sagt að við lifum á tímum hraðra breytinga, aukinnar alþjóðavæðingar og harðnandi samkeppni. Við Íslendingar höfum að mörgu leyti verið heppnir og tekist vel að nýta þær miklu náttúruauðlindir sem við búum yfir. Á síðustu árum hafa orðið ótrúlegar breytingar í atvinnulífi okkar, bæði í samsetningu þess, þar sem nýjar greinar hafa rutt sér til rúms, en ekki síður að íslensk fyrirtæki og at-hafnamenn hasla sér í auknum mæli völl á erlendri grundu.

Í alþjóðlegum samanburði stöndum við okkur yfirleitt vel þegar lítið er til lífskjara og starfsskilyrða atvinnulífsins. Allt gæti þetta leitt til þeirrar niðurstöðu að hér sé allt í góðu lagi og ekki þörf fyrir að hafa áhyggjur af framtíðinni. Það er vafasöm og hættuleg niðurstaða.

Getan til nýsköpunar

Varla verður um það deilt að hagsæld og velferð hvers þjóðfélags er reist á getu til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Ekki nægir að halda í horfinu og líta eingöngu til þess sem dugað hefur hingað til. Í alþjóðlegri samkeppni gildir ekkert annað en að standa sig jafn vel og helst betur en þeir sem best gera. Vestræn ríki á borð við Ísland standa frammi fyrir því að önnur ríki gera sig mjög gildandi á mörgum sviðum. Það er vitað að mannaflsfræk framleiðsla hefur þokast austur og suður á bóginn þar sem er að finna gnótt ódýrs vinnuafis sem erfitt er að keppa við.

Metnaðarfull áform

Helstu samkeppnisþjóðir okkar á Vesturlöndum vinna að því að auka samkeppnishæfni sína og þar er mikil áhersla lögð á nýsköpun, tækni og vísindi sem leiða til framleiðslu og þjónustu sem er mjög virðisaukandi. Nægir í þessu sambandi að benda á áform Dana um að verða í fremstu röð vaxtar-, þekkingar- og frumkvöðlasamfélaga í heiminum. Sama má segja um svokallaða Lissabonáætlun Evrópusambandsins sem er ætlað að gera það að samkeppnishæfasta og öflugasta markaðssvæði heimsins. Til að ná þessum metnaðarfullu



markmiðum er höfuðáhersla lögð á uppbyggingu með nýsköpun, þróun og endurnýjun atvinnulífsins. Það er ljóst að það verður við ramman reipi að draga fyrir ESB að ná markmiðum sínum á næstu árum og alls óvist að það takist.

Risarnir rumska

Ég hef af því áhyggjur að við áttum okkur ekki til fulls á því hversu mikilvægt það er fyrir okkur að setja stóraukinn kraft í að byggja upp ný fyrirtæki með því að efla nýsköpun, tækni- og vísindi. Við hjá Nýsköpunarsjóði höfum lengi verið þessarar skoðunar en því er ekki að neita að ferð mín til Kína nýlega styrkti mig mjög í þessari trú og sannfærði mig reyndar um að hér megum við engan tíma missa. Lönd á borð við Kína og Indland láta sér ekki nægja að taka við mannaflsfrækri framleiðslu frá Vesturlöndum sem ekki krefst mikillar sérþekkingar, menntunar eða tækjakosts. Uppbygging fyrirtækja, sem byggjast á hátækni, vel menntuðu og hæfu starfsfólki, er hröð. Sprenglært fólk í öllum greinum raunvísinda streymir út úr háskólum þessara landa og margt af afburðafólki þeirra sækir enn frekari menntun og reynslu til virtustu háskóla hvarvetna í heiminum. Erlend fjárfesting og uppbygging í Kína er með hreinum ólíkindum. Vöxturinn er mikill og búist er við að innan fárra ára verði hagkerfi Kína orðið stærra en það bandaríska.

Enginn sigur án fyrirhafnar

Í mínum huga fer ekki milli mála að á næstu árum verðum við enn frekar vör við að starfsemi hér á landi mun eiga í vök að verjast, annaðhvort verða fyrirtækin hreinlega undir í samkeppninni eða þau færa sig frá Íslandi með starfsemi sína austur og suður á bóginn. Þessi þróun mun færast upp eftir virðiskeðjunni og því er nauðsynlegt að við búum okkur sem best undir að mæta enn vaxandi alþjóðlegri samkeppni og hnattvæðingu.



Ég vil alls ekki mála framtíðina of dökku litum eða gefa í skyn að við stöndum í vonlausu stríði - langt í frá. Hins vegar vinnst enginn sigur án fyrirhafnar.

Margt þarf til

Starfs- og rekstrarskilyrði þurfa að vera í góðu lagi. Þar höfum við víða náð góðum árangri en þó verður að undanskilja tvö mjög mikilvæg atriði sem eru sveiflur í gengi og hátt vaxtastig. Verði ekki bætt þar úr gæti það reynst okkur skeinuhætt og dregið verulega úr árangri atvinnulífsins.

Áhættufé vantar

Á ársfundi NSA er óhjákvæmilegt að gera að umtalsefni að við stöndum verulega illa að vígi þegar kemur að þolinmóðu áhættufé. Þar höfum við átt við langvarandi vanda að stríða og það hefur oft komið fram bæði hjá þeim sem hafa rannsakað þessi mál sérstaklega, þeim sem hafa þurft á áhættufjármagni að halda og sérfræðingum í áhættufjárfestingum á borð við Nýsköpunarsjóð.

Vandinn er gamalkunnur

Í Úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi sem Háskólinn í Reykjavík gaf út í mars í fyrra segir m.a í inn-gangi: „Í rannsókn Háskólans í Reykjavík á umfangi og umhverfi frumkvöðlastarfsemi fyrir árið 2002 kom fram í viðtölum við sérfræðinga að helsti veikleiki í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi væri skortur á fjármagni. Var mat sérfræðinganna að þessi skortur stæði frumkvöðlastarfsemi fyrir þrífum og kæmi í veg fyrir að ný fyrirtæki næðu að vaxa og dafna á eðlilegan hátt.“

Í niðurstöðum svokallaðrar GEM rannsóknar sem Háskólinn í Reykjavík kynnti í maí 2005 segir: „Í heild má segja að umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hafi verið nokkuð stöðugt undanfarin þrjú ár... ..og að framtaksfjármagn hafi minnkað ár frá ári.“

Í viðamikilli stefnumótunarvinnu, sem fram fór fyrir rúmu ári hjá tveimur hópum nýsköpunarfyrirtækja, þ.e. Samtökum sprotafyrirtækja og Samtökum íslenskra líftæknyfirirtækja, var rauði þráðurinn tilfinnanlegur skortur á þolinmóðu áhættufé. Það sama var uppi á teningnum á fjölmennu Sprotapeingi sem haldið var í Marel í febrúar síðastliðnum. Í niðurstöðum þess þinghóps sem fjallaði um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum segir m.a.: „Hlutverk ríkisins er langmikilvægast fremst í fjárfestingarferlinu, á þeim slóðum þar sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur skilgreint starfsvið sitt. Þar er markaðsbrestur sem einkamarkaðurinn hefur ekki getað eða viljað sinna... ..Hér hefur ríkið ótvírætt hlutverk, t.d með því að veita fjármagni til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.“

Iðnþing Samtaka iðnaðarins í mars sl. var helgað hátækni. Í ályktun þess sagði: „Það er alls ekki sjálfgefið að hér vaxi upp kröftugur og þróttmikill iðnaður sem byggist á hátækni.



Til þess þarf samstillt átak um efnahagslegan stöðugleika, gott menntakerfi, rannsókn- og þróunarstarf og loks þarf að efla fjárfesta á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til að þeir geti fjárfest í vænlegum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum með þolinmóðu fjármagni.“

Skilningur er fyrir hendi

Við hjá Nýsköpunarsjóði höfum hvað eftir annað bent á að sjóðurinn hafi ekki bolmagn til nýfjárfestinga og hafi ekki haft um nærri þriggja ára skeið. Stjórnvöldum er kunnugt um vandann og hann hefir verið ræddur við viðskiptaráðherra, sem fer með málefni sjóðsins, sjávarútvegsráðherra, en hann er einn þeirra sem tilnefnir fulltrúa í stjórn sjóðsins og loks forsætisráðherra sem er formaður Vísinda- og tækniráðs. Allir ráðherrarnir hafa sýnt málinu skilning.

Markaðsbrestur

Þrátt fyrir að Íslendingar hafi náð langt á flestum sviðum höfum við verið áratugum á eftir öðrum þjóðum á öðrum sviðum - má þar t.d. nefna erlendar fjárfestingar og einkavæðingu fjármálakerfisins.

Ekki er langt síðan tekið var að byggja um sérstaka áhættufjárfestingarsjóði hér á landi og þar með faglega þekkingu á því sviði. Með sanni má segja að Nýsköpunarsjóður sé einn sá elsti á því sviði en margir sjóðir, sem hófu starfsemi um svipað leyti, hafa horfið af sjónarsviðinu. Samkeppnisþjóðir okkar hafa margar hverjar áratuga reynslu á þessu sviði og hafa byggt upp þróað kerfi áhættufjárfestingarsjóða þar sem einkafjármagn hefur fundið sér farveg. Á síðustu árum hefur samt orðið markaðsbrestur hjá þeim í kjölfar þess að netbólán sprakk og víðast verið mikill skortur á fjármagni á þessu sviði.

Hjá okkur hefur þessi brestur orðið enn alvarlegri þar sem við erum talsvert á eftir í uppbyggingu á þessum markaði. Þess vegna er í mínum huga augljóst að ríkisvaldið hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna þar sem einkaaðilar geta ekki brúað það bil sem hefur verið í fjárfestingarferlinum undanfarin ár og er fyrirsjáanlegt að verði áfram að óbreyttu.

framhald á bls. 11

Tekið upp samstarf við norræn systurfélög

Aðalfundur Félags skrudgarðyrkju-meistarara var haldinn 11. maí síðastliðinn. Dagskrá fundarins var með hefðbundnum hætti. Stjórnin lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á lögum félagsins og voru tillögurnar samþykktar. Helstu breytingar varða boðun á fundi og fundartíma.

Á fundinum var samþykkt að taka upp formlegt samstarf við systurfélög á Norðurlöndum. Þau hafa með sér félagsskap sem heitir Nordisk Presidium. Í starfsemi Nordisk Presidium er megináhersla lögð á að miðla reynslu og þekkingu milli landanna og vænst er mikils af samstarfinu.

Síðastliðið ár hefur félagið unnið að því að setja saman leiðbeiningarrit (norm) fyrir garðyrkjumenn um uppbyggingu lóða og opinna svæða. Tekið hefur verið mið af sambærilegum ritum annars staðar á Norðurlöndum. Stefnt er að því að ritið verði gefið út í haust. Ýmsir framleiðendur vara, sem garðyrkjumenn nota við starfsemi sína, hafa sýnt áhuga á að vinna með félaginu að útgáfunni.



Stjórn félagsins skipa nú, Þorkell Gunnarsson, Lystigörðum, formaður, Þorkell Einarsson, Grásteini, gjaldkeri, Hjörtur Jóhannsson, Borgargörðum, ritari, Jón Júlíus Elíasson, Garðmönnum, varamaður og Sigurður Adólfsson, Garðyrkjuþjónustunni, varamaður

Nýir menn í stjórn eru Hjörtur og Sigurður og þeir eru boðnir velkomnir til starfa.

Þeir Steinþór Einarsson og Gunnar Jónatansson gengu úr stjórn og eru þökkuð vel unnin störf.

Þorkell Gunnarsson, formaður

Framhald af forsíðu:

Tækni- og verkfræðideild HR mælir íslensku hátæknivísitöluna

Tilgangurinn er að þróa hagnýtt greiningartæki til að styðja betur við nýsköpun og vöxt á sviði hátækni í landinu. Til að fyrirtæki og atvinnugreinar falli undir skilgreiningu OECD á hátækni þurfa þau að verja meira en sem nemur 4% af veltu sinni til rannsóknna og þróunar.

Á hverju ári munu starfsmenn og nemendur Háskólans í Reykjavík afla upplýsinga um lykilþætti hátækniiðnaðarins og skrifa skýrslu um þær

breytingar sem hafa átt sér stað. Kostirnir við þetta felast í því að Íslendingar sjá með skýrari hætti en áður hvernig hátækniiðnaðurinn þróast og geta sett sér tiltekin markmið. Auðveldara verður að sjá hvar rétt er að verki staðið og benda á það sem betur mætti fara. Loks auðveldar úrvinnsla þessara gagna allan samanburð við þróun á mörkuðum helstu samkeppnisþjóða.

Guðmundur Ásmundsson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
6. töl. Júní 2005
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðju: 15.06.2005
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastþökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Frábær árangur hjá Suðurverki á Reyðarfirði

250.000 vinnustundir án fjarveruslyss!

Verktakafyrirtækið Suðurverk hefur í vetur unnið við jarðvinnu fyrir nýja álverið á Reyðarfirði. Verkið hófst í september og er að um það bil að ljúka. Alls var bylt um þremur milljónum rúmmetra. Verkkaupinn, Alcoa, gerir miklar kröfur bæði til öryggis- og umhverfismála og þeim kröfum verða verktakar og birgjar að fullnægja.

Þegar Suðurverk tók að sér verkið fyrir Bechtel, sem er aðalverktaki, þurftu menn að laga sig að ströngum og oft nýstárlegum kröfum. Eins og kamelljónið, sem breytir lit í takt við umhverfi sitt, þurftu Suðurverksmenn að viðhafa skamma signingu og breyta verklagi sínu og venjum. Hver einasti starfsmaður byrjar sérhverja vakt á gera áhættugreiningu fyrir daginn. Í nokkrar mínútur í upphafi vaktar íhuga menn hvaða hættur geta orðið á vegi þeirra og hvernig bregðast skuli við þeim. Þetta og margt fleira nýstárlegt hafa menn gert svikalaust og uppskeran er ótrúleg: Engin fjarveruslys eða óhöpp hafa átt sér stað í 250.000 vinnustundir. Þetta lætur nærri að vera 130 ársverk án óhappa.

F.v. Árni Jóhannsson, Samtökum Iðnaðarins, Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins og Trevor Adams, verkefnisstjóri með byggingu álversins hjá Alcoa



Að öllu jöfnu eru störf í mannvikjagreinum/mannvirkjagerð áhættusöm Unnið er utandyra í öllum veðrum og jafnt í myrkri sem björtum degi. Tæki og töl eru stór og öflug. Miklir flutningar eru á vinnusvæðum, tæki og efni eru hífð og flutt fram og til baka í lofti og á jörðu. Aðstaðan er oftast til bráða-birgða. Hraðinn er mikill og allt leggst á eitt að gera slyshættuna miklu meiri en almennt gerist á vinnustöðum. Þessar erfiðu aðstæður gera afrek Suðurverksmanna enn merkilegra og eftirtektarverðara.

Kannski er þetta eins og reyndir ferðamenn segja: „Það er ekki til vont

veður - það er bara spurning um að búa sig rétt.“ Kannski er heldur ekki til hættulegur vinnustaður - menn þurfa bara að vera rétt undir búinir og fylgja settum reglum.

Verkkaupinn Alcoa er að vonum ánægður og aðalverktakinn Bechtel ekki síður. Eigandi Suðurverks, Dofri Eysteinnsson, brosir breitt, staðarhaldarinn Eysteinn er kátur og starfsmennirnir stoltir og ánægðir enda mega þeir vera það!

Til hamingju Suðurverk.

Árni Jóhannsson

Aðalfundur Meistarafélags Suðurlands

Aðalfundur Meistarafélags Suðurlands var haldinn fimmtudaginn 12. maí síðastliðinn. Í stjórn félagsins sátu Sveinn Pálsson, formaður, Agnar Pétursson, varaformaður, Guðmundur Óskarsson, ritari, Hjálmar Gunnarsson, gjaldkeri, Sigurður Sigurðsson og Hilmar Þ. Björnsson, meðstjórnendur.

Formaður stýrði fundinum og flutti skýrslu stjórnar. Þar kom m.a. fram að á liðnu starfsári voru haldnir 10 stjórnar- og félagsfundir og m.a. rædd málefni byggingastjóra, byggingalög og CE merkingar byggingavara og einingahúsa.

Einnig hefur verið talsverð umræða um kynningarmál svo og almennt um stöðu meistara og byggingastjóra gagnvart opinberum aðilum.

Á dagskrá var m.a. kosning gjaldkera og meðstjórnanda. Hilmar Þ. Björnsson, sem setið hefur í stjórn félagsins í um

30 ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Gjaldkeri var kosinn Hjálmar Gunnarsson en meðstjórnandi var kjörinn Baldur Pálsson.

Stjórnina skipa nú, Sveinn Pálsson, SP-verki, formaður, Agnar Pétursson, TAP ehf., varaformaður, Guðmundur Óskarsson, ritari, Hjálmar Gunnarsson, gjaldkeri, Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi, Baldur Pálsson Eðalhúsum, meðstjórnandi

Undir liðnum önnur mál var ræddur starfslokasamningur sem gerður hafði verið við framkvæmdastjóra Sameinaða lífeyrissjóðsins. Fundarmenn lýstu yfir undrun sinni á því að framkvæmdastjóri gæti gengið út með um 40 milljónir í starfslokasamning á sama tíma og afkoma sjóðsins væri jafn slæm og raun ber vitni. Aðalfundurinn samþykkti að senda frá sér ályktun um málið.

Eyjólfur Bjarnason

PIP - Norrænt verkefni í umsjón SI

Samtök iðnaðarins eru í forsvari fyrir verkefninu „Putting IC in to Practice“ (PIP) sem felur í sér samstarf tuttugu norrænna UT-fyrirtækja um skráningu þekkingarverðmæta.

Um er að ræða skráningu á óefnislegum verðmætum fyrirtækja (mannauði, skipulagsauði og viðskiptaaúði) og setja þau fram í þekkingarskýrslu með hliðstæðum hætti og efnahagur er skráður í ársreikninga. Fyrirtækin gera hvert sína þekkingarskýrslu sem byggð er á samræmdum vísbendingum og mælikvörðum.

Um þrjátíu manns frá þátttökufyrirtækjunum sátu fund í Húsi atvinnulífsins um miðjan maí til að greina frá vinnu í tilraunaverkefninu.

Fyrirtækin eru skilgreind sem fyrstu og annarrar kynslóðar sem þýðir að þátttaka þeirra og framlag til verkefnisins er mismunandi. Fyrirtæki af fyrstu kynslóð eru tíu talsins og kynntu þau þekkingarskýrslu númer tvö. Önnur tíu fyrirtæki kynntu fyrstu þekkingarskýrslu sína. Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir PIP-verkefnið. Því lýkur á næsta ári þegar fyrirtækin leggja fram síðustu gerð þekkingarskýrslunnar.



„Mesta áskorunin er að koma á verkferli sem styður við þekkingarskýrslugerð“

Movial er finnskt fyrirtæki sem framleiðir hugbúnað fyrir margmiðlunarmarkaðinn. Meðal viðskiptavina eru Nokia og önnur leiðandi evrópsk og bandarísk fyrirtæki á þessu sviði. Meðal þeirra eru IBM, HP, Intel og Texas Instruments. Fyrirtækið var stofnað 2001 og við það starfa 95 manns.

Tomi Rauste flutti erindi um stöðu Movial í þekkingarskýrslugerð. Mesta fyrirhófnin fólst í því að safna gögnum. Síðan taldi hann að mesta ögrunin væri sú að gera þekkingarauðinn sýnilegan í daglegum verkferlum í fyrirtækinu.

Ax hugbúnaðarhús er leiðandi fyrirtæki í fyrirtækjalausnum á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið er fimm ára gamalt og þar vinna um 60 manns. Ax er eitt af sex fyrirtækjum innan Kögung Group.



„Þekkingarskýrslan skal sýna styrk og veikleika fyrirtækisins gagnvart starfsfólki, viðskiptavinum og hluthöfum“

Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, greindi frá stöðu þekkingarverkefnisins. Í þekkingarskýrslu Ax eru notaðir bæði nýir og gamlir mælikvarðar, m.a. er byggt á hugmyndafræði samhæfðs árangursmats (Balanced Scorecard). Sigríður telur mikilvægt að verkefnið kalli fram þá mælikvarða sem hafa þýðingu fyrir mat á þekkingarverðmætum í upplýsingatækni-fyrirtækjum.

„Mannauður er mikilvægur; hann eykur gildi ársreikningsins. Við munum því einbeita okkur að uppbyggingu þekkingar og hæfni“



Oracle í Danmörku hnitar starfsemi sína um fernt: Viðhald upplýsingakerfa, ráðgjöf, sölu og menntun. Um 300 manns vinna hjá fyrirtækinu.

Ditte Kolbæk greindi frá því að mælikvarðar í þekkingarskýrslu fyrirtækisins vörðuðu mannauð, skipulagsauð og það sem hún nefndi „röklegan“ auð (rational capital). Hjá fyrirtækinu er gert ráð fyrir árlegri 10% starfsmanna-veltu og 90% af viðskiptavinum eru ánægðir. Ýtarlegar upplýsingar eru til um þátttöku starfsfólks í námskeiðum og hvernig þau nýtast fyrirtækinu.



„Þekkingarverðmæti leiða til aukins ágóða“

Ekkert efni á vefsetri fyrirtækisins skal vera eldra en tveggja ára.

Tölvumiðlun sinnir fjölbreyttri þjónustu í upplýsingatækni, m.a. á sviði mannauðsstjórnunar og fjárhalds.

Tölvumiðlun er eitt elsta UT-fyrirtæki á Íslandi, stofnað 1985. Þar starfa um 30 manns.

Að mati Daða Friðrikssonar, hjá Tölvumiðlun, eru mæling og mat á þekkingarverðmætum vel fallin til að bæta frammistöðu fyrirtækisins. Það er von manna að PIP-verkefnið verði til þess að dýpka skilning á þekkingarverðmætum fyrirtækisins sem leiði til vaxandi ágóða.

Mamut er norskt UT-fyrirtæki, stofnað 1994 og með höfuðstöðvar í Ósló. Við fyrirtækið starfa um 180 manns. Mamut starfar í Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Hollandi. Fyrirtækið annast heildarlausnir fyrir litil og meðalstór fyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Meðal samstarfsaðila er Microsoft í Evrópu.



„Þekkingarveikningsskil verði jafn sjálfsögð og hefðbundin reikningsskil“

Að sögn Eilert G. Hanoa leitast Mamut við að ráða fólk sem er bæði þjónustulundað og sveigjanlegt. Fyrirtækið hefur safnað gögnum varðandi skipulagsauð frá 1996 og býr því yfir umtalsverðri þekkingu á því sviði. Eftir er að skilgreina allar vísbendingar.



„Stöðug menntun er mikilvæg til að rækta mannaúðinn“

Stefnt er að því að þekkingarreikningskil verði sjálfsgæddur hluti af upp-lysingakerfi fyrirtækisins.

TM Software stækkaði mikið m.a. með samrunum árið 2004. Í fyrra óx veltan úr 780 m.kr. í 3.500 m.kr. Fyrirtækið er með starfsemi í 15 löndum og við það vinna yfir 400 manns. Meðal samstarfsaðila eru Microsoft, Cisco og Oracle. Að sögn Guðmars Guðmundssonar leggur fyrirtækið mikla áherslu á að starfsfólk mennti sig stöðugt í starfi.

Þekkingarreikningskil eru samofin stjórnskipulagi fyrirtækisins. TM Software vinnur stöðugt að því að bæta innri verk- og upplýsingaferla. M.a. er samhæft árangursmat notað í þessu skyni.

Guðmundur Ásmundsson,
Ingi Bogi Bogason

Samtök iðnaðarins á Austurlandi

ÍRÓEINABÉTTI AC. Á ÍSTURLANDI



Samtök iðnaðarins

Í tengslum við hið mikla uppbyggingarstarf, sem fer fram á Austurlandi og mun eiga eftir að aukast enn frekar þegar liður nær gangsetningu álversins á Reyðarfirði, hafa SI ákveðið að veita fyrirtækjum aukna þjónustu. Í samstarfi við Alcoa Fjarðaál og Þróunarfélag Austurlands mun fyrirtækjum á svæðinu verða veitt aðstoð til að geta tekið þátt í væntanlegum útboðum vegna reksturs álversins.

Á kynningarfundum um rekstur álversins hefur Alcoa kynnt að það muni einbeita sér að kjarnastarfsemi en reiða sig á birgja og þjónustu verktaka. Ennfremur hefur fyrirtækið kynnt áherslur sínar og kröfur í umhverfis- og öryggismálum og þær ríku kröfur birtust strax á byggingartímanum. Undirverktakar hafa þurft að tileinka sér gæðastjórnun og töluvert ólíkari stjórnunarhætti en hér hafa þekkt.

Fyrirtækið hefur ennfremur skilgreint sig sem jákvæðan en kröfuharðan kaupanda sem að öðru jöfnu kys að versla sem mest í heimabyggð. Því er ljóst að svæðið verður afar áhugavert og mörg góð viðskiptatækifæri munu skapast við rekstur álversins.

Til að styrkja atvinnulífið á nærsvæði álversins munu SI, í samvinnu við Alcoa og Þróunarfélag Austurlands, bjóða fyrirtækjum þátttöku í verkefnum og námskeiðum sem lúta að bættum rekstri og aukinni getu til að fullnægja skilyrðum um þátttöku í væntanlegum útboðum.

Arni Jóhannsson

Frh. af bls. 7 - Nýsköpun er þolinmæðisverk

Þolinmæði og þrautsegja

Í uppsveiflunni, sem varð fyrir og um árið 2000, virtust margir gleyma því að tíminn er afgerandi þáttur í uppvexti fyrirtækja og trúðu því að hægt væri að innleysa hagnað á örfáum árum. Staðreyndin er auðvitað allt önnur. Nægir í því sambandi að benda á fyrirtæki eins og Marel og Össur. Þar er nærri lagi að tala megi um allt að 15 til 20 ár sem tekið hefur að koma þeim á verulegt flug. Til þess þarf þolinmæði og þrautsegju.

Vorið 2004 var lögum um sjóðinn breytt á þann veg að honum er heimilt að stofna til sérstaks framtakssjóðs með öðrum fjárfestum. Einkum hefur verið horft til samvinnu við lífeyrissjóðina í þessu sambandi. Mikil vinna hefur verið lögð í að móta hugmyndir um slíkan sjóð og um þessar mundir reynir á hvort af því verður. Hugmyndin er sú að hinn nýi sjóður verði aftar í fjárfestingarferlinu en Nýsköpunarsjóður sjálfur. Hinn nýi sjóður mun því ekki leysa úr brýnni fjárförf til nýsköpunar í landinu nema að takmörkuðu leyti. Ég leyfi

mér að halda því fram að skilningur fari vaxandi á því að hvort tveggja verði að gerast í senn að koma hinum nýja sjóði í gagnið og efla Nýsköpunarsjóð svo um muni.

Undanfarin ár hafa verið nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum erfið og mörg þeirra hafa ekki lifað af en hitt er verra að mörg slík hafi aldrei orðið til þar sem alls ekkert fjármagn hefur verið að hafa. Nýsköpun er þolinmæðisverk og uppbygging nýsköpunar- og sprotafyrirtækja tekur langan tíma. Fé sem nú er sett í nýsköpun skilar sér ekki að fullu fyrr en að 10 - 15 árum liðnum. Þess vegna þolum við enga bið með að gera verulegt átak í þessum málum á sama tíma og aðrar þjóðir sækja fram af fullum þunga.

Nú þarf að láta verkin tala.

Grein þessi er stytt útgáfa af ræðu
Jóns Steindórs Valdimarssonar,
stjórnarformanns Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins
á ársfundi sjóðsins 27. maí 2005.

SENDUM EKKI VERKEFNI AÐ ÓÞÖRFU ÚR LANDI!



Íslenskur málm- og skipasmíðaiðnaður er sniðgenginn! Í síðasta mánuði sigldi Varðskipið Týr til Póllands til viðgerðar sem er igildi um 15 ársverka.

Við ætlumst til að stjórnvöld tryggja að verkþekking og reynsla íslensks iðnaðar skili sér til komandi kynslóða og að verkefni séu ekki að öþörfu send úr landi.

The logo for the Icelandic Shipbuilding and Metalworking Industry Association, consisting of the letters 'SI' in a stylized, bold, blue font.

Samtök iðnaðarins

